



Viðtakandi: Íþrótt- og útilífsráð
Sendandi: Sviðsstjóri MÍR

Reykjavík, 8. september 2026

MIR26080021

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn um heildarfjölda og starf starfsfólks í íþróttamannvirkjum MÍR

Á fundi Íþrótt- og útilífsráðs 28. ágúst 2026 lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

a. Hver er heildarfjöldi starfsfólks sem starfar við umsjón og daglegan rekstur íþróttamannvirkja borgarinnar og hversu mörg stöðugildi eru það samtals?

Fjöldi starfsmanna 329

Fjöldi stöðugilda 176

b. Óskað er eftir sundurliðun á fjölda starfsfólks og stöðugilda eftir einstökum mannvirkjum.

Kostnaðarstaður	Stöðugildi	Starfsfólk
Árbæjarlaug (I5040)	20	40
Breiðholtslaug (I5030)	20	34
Dalslaug (I5065)	19	33
Grafarvogslaug (I5050)	20	33
Klébergslaug (I5060)	5	11
Laugardalslaug (I5000)	40	73
Sundhöll (I5020)	22	45
Vesturbæjarlaug (I5010)	22	49
Íþróttahús KHÍ (I5230)	4	7
Tækniteymi sundlauga (I8460)	4	4
Alls	176	329

c. Óskað er eftir sundurliðun eftir starfsheitum, t.d. umsjónarmaður, húsvörður, vaktmaður, baðvörður, tæknimaður og ræstingafólk, ásamt stuttri lýsingu á því hvaða verkefni falla undir hvert starfsheiti.

Starfsmenn íþróttamannvirkis

Laugarverðir

Vaktstjórar

Tæknimenn

d. Hversu margir eru í fullu starfi og hversu margir í hlutastarfi? Einnig er óskað eftir upplýsingum um meðalstarfshlutfall eftir starfsheitum.



Reykjavík



Í öllum mannvirkjunum eru 3 vaktir og almennt eru þeir starfsmenn í 100% starfi. Einn vaktstjóri eru á hverri vakt og almennt eru aðrir starfsmenn laugarverðir en einstaka starfsmenn eru starfsmenn íþróttamannvirkis en þá taka þeir ekki hæfnisprófið og eru þá í afgreiðslu og í baðvörslu en mega ekki vera í laugarvörslu. Starfsfólk á helgarvöktum er í hlutastarfi og eru 2 vaktir í hverri laug sem skipta með sér helgunum.

e. Hvernig skiptist starfsfólk eftir ráðningarformi, þ.e. fastráðningu, tímabundinni ráðningu, tímavinnu og afleysingum?

Starfsfólk í fullu starfi er almennt fastráðið. Á helgarvöktum er mikið um skólafólk og eru þau ráðin tímabundið í hlutastarf. Einnig er hver laug með starfsfólk á afleysingarlista og er það á tímavinnusamningi.

g. Er umsjón, gæsla eða ræsting einhverra mannvirkja aðkeypt af verktökum eða þjónustuaðilum fremur en sinnt af starfsfólki borgarinnar? Ef svo er, hvaða mannvirki er um að ræða og hvaða forsendur ráða ráðningarforminu?

Já að hluta til er aðkeypt ræsting í Laugardalslaug og Sundhöll en þau mannvirki er mjög stór og flókin og mikill fjöldi gesta sem sækir þessar laugar og því þarf auka ræstingu á opin rými en starfsfólk sinnir ræstingu á laugarsvæði og í baðklefum.

h. Á hvaða forsendum er fjöldi stöðugilda við hvert mannvirki ákvarðaður? Liggja fyrir viðmið um mönnun með hliðsjón af stærð mannvirkis, opnunartíma eða fjölda notenda?

Fjöldi starfsmanna í sundlaugum byggir á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

i. Eru laus stöðugildi eða ómönnuð störf við mannvirkin eins og staðan er í dag? Ef svo er, hversu mörg og við hvaða mannvirki?

Nei það eru engin laus stöðugildi. Það þarf ákveðna mönnun til þess að mega hafa mannvirkin opin.

Virðingarfyllt,
Steinþór Einarsson
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs